# SÁLF2BÞ05

## Þroskasálfræði

**Þrep**: 2. þrep

**Staða áfanga**: Áfangi er valáfangi og nauðsynlegur undanfari 3. þreps áfanga í sálfræði (nemendur velja annað hvort SÁLF2BT05 eða SÁLF2BÞ05)

**Kennsla**: Áfanginn er kenndur bæði á haustönn og vorönn.

**Undanfarar**: SÁLF2AA05

**Stutt lýsing á efni áfangans:**
Kynning á þroskasálfræði, hugtökum hennar og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis við mótun mannlegra eiginleika. Fjallað er um þroskaferillinn frá getnaði fram á fullorðinsár. Lítillega er farið í sögulegan bakgrunn þroskasálfræðinnar og helstu rannsóknaraðferðir hennar. Nemendur fá innsýn í hver eru megineinkenni líkamsþroska, vitsmunaþroska, félags- og tilfinningaþroska. Farið er í tilfinningagreind og fjölgreindakenningu Howards Gardner og hvernig hún tengist skólastarfi. Einnig eru greindarpróf kynnt og sagt frá helstu greindarprófum sem hafa verið notuð fyrir íslensk börn. Að auki er fjallað um geð- og þroskaraskanir barna og unglinga, s.s. ADHD, einhverfu og kvíða. Áhrif vanrækslu á þroska barna eru skoðuð og hvernig foreldrar og samskipti við foreldra getur haft áhrif á þroska barna.

**Nokkur lykilhugtök áfangans**:

Þroskarannsóknir, foreldrar, líkamsþroski, greindarþroski, þroskapróf, nýburar, fjölgreindakenningin, þroskaraskanir, geðraskanir.

**Námsmat**:

Tímaverkefni, tímapróf, greinargerð og rannsókn, skrifleg verkefni og lokapróf.

**Námsefni**:

Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2020). *Þroskasálfræði: Lengi býr að fyrstu gerð*. Mál og menning.

---